

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

209. FUNDUR.

209. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 13. desember árið 2012 í fundarsal Ráðhúss kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá fundargerð 3. fundar ungmennaráðs sem 5. lið og breytast númer síðari dagskrárliða samkvæmt því. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

Fundargerðir nefnda:

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 769. fundar frá 12. nóvember sl. Fundargerð í 4 liðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 3. dagskrárliðar:

„Vegna framlengingar á ákvæði viðauka samnings við Icelandic Water Export um sölu vatns telur sveitarstjórn Húnaþings vestra mikilvægt að á árinu 2013 hefjist starfsemi í húsnæði fyrrum mjólkurstöðvar á Hvammstanga eins og stefnt var að á árinu 2007. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir fundi með forsvarsmönnum félagsins í janúarmánuði nk.“

Fundargerðin borin undir atkvæði ásamt ofangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 770. fundar frá 15. nóvember sl. Fundargerð í 1 lið.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 1. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra þakkar starfshópi er unnið hefur að skoðun á framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra fyrir ágæta kynningarfundu sem haldnir voru með starfsmönnum skólastofnana sveitarfélagsins og íbúum Húnaþings vestra í nóvembermánuði sl. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að skipa starfshóp til að greina niðurstöður fyrri starfshóps og tengd atriði frekar m.a. fagleg- og fjárhagsleg áhrif, íbúapróun, mannaflapörf, mötuneytismál, húsnæðismál o.fl.í samræmi við ábendingar sem fram komu á umræddum kynningarfundum. Starfshópin skipi 1 fulltrúi hvers framboðs sem sæti á í sveitarstjórn Húnaþings vestra, áheyrnarfulltrúi fyrrum Bæjarhrepps í byggðarráði, sveitarstjóri, fræðslu- og félagsmálastjóri, forstöðumaður tæknideildar, skólastjórar grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, formaður fræðsluráðs, 1 fulltrúi starfsmanna grunnskóla, 1 fulltrúi starfsmanna leikskóla, 1 fulltrúi foreldrafélags grunnskóla og 1 fulltrúi foreldrafélags leikskóla. Starfshópnum er ætlað að skila niðurstöðum sínum til sveitarstjórnar fyrir 31. maí 2013. Starfshópnum er engu að síður heimilt að skila sveitarstjórn niðurstöðum um tiltekin atriði í skoðun sinni fyrir þann tíma. Sveitarstjóri verði formaður starfshópsins og kalli hann saman til fyrsta fundar í byrjun næsta árs.“

Fundargerðin ásamt ofangreindri tillögu borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 771. fundar frá 19. nóvember sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 772. fundar frá 26. nóvember sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 773. fundar frá 3. desember sl. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 774. fundar frá 10. desember sl. Fundargerð í 10 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. **Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.**

Fundargerð 132. fundar frá 12. desember sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. **Fundargerð landbúnaðarráðs, formaður kynnti.**

Fundargerð 116. fundar frá 5. desember s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. **Fundargerð Skipulags- og umhverfissráðs, oddviti kynnti.**

Fundargerð 216. fundar frá 6. desember sl. Fundargerð í 2 liðum. Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 1. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu fyrir veitingasölu og þjónustustöð í landi Melstaðar í Miðfirði. Í skipulagsupprætti og greinargerð hefur verið tekið tillit til athugasemda og ábendinga er skipulags- og umhverfissráð og sveitarstjórn Húnaþings vestra höfðu farið fram á og því er umrædd deiliskipulagstillaga nú samþykkt.“

1. liður fundargerðarinnar og ofangreind tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

5. **Fundargerð Ungmennaráðs, oddviti kynnti.**

Fundargerð 3. fundar frá 3. desember s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. **Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2012, oddviti kynnti.**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna þessa dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2012:

Þar sem fyrir liggur að kostnaður við snjómokstur á árinu 2012 mun verða umtalvert hærri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir er gerð tillaga um að hækka framlög til snjómoksturs um kr. 5.500.000 á árinu 2012. Til að mæta þessum kostnaði er lagt til að lækka rekstrargjöld leiguíbúða um kr. 1.000.000- og rekstrargjöld félagslegra íbúða um kr. 3.000.000- mismuninum kr. 1.500.000 verði mætt með lökkun á handbæru fé. Sveitarstjórn samþykkir

að fela byggðarráði að fara yfir fyrirkomulag snjómoksturs í sveitarfélaginu og leita leiða til að halda kostnaði í lágmarki.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Gjaldskrá Hitaveitu Húnaþings vestra.

Fram lögð svohljóðandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir vék af fundi kl. 16:53

8. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri greindi frá helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar þann 8. nóvember s.l.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:15

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Þorbjörg Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.